

**3608. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
fimmtudaginn 6. nóvember 2025 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Haraldur Benediktsson bærstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2511024 - Höfði - Fjárhagsáætlun 2026-2029.

Dvalarheimilið Höfði - Fjárhagsáætlun 2026-2029.

Kristjana Helga Ólafsdóttir fjármálastjóri situr fundinn undir þessum dagskrárlið sem og undir liðum nr. 2 og nr. 3.

Bæjarráð samþykkir að vísa fjárhagsáætlun Höfða vegna ársins 2026 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2027 til og með 2029 til fyrri umræðu í bærstjórn sem fram fer þriðjudaginn 11. nóvember næstkomandi.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð fyrirhugar frekari rýningu á áætluninni á milli umræðna.

2. 2507075 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun vegna ársins 2026 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2027 til og með 2029.

Áframhaldandi vinna við fjárfestinga- og framkvæmdaáætlunar 2026 og vegna tímabilsins 2027 til og með 2029.

Lokafundur bæjarráðs fyrir framlagningu fjárhagsáætlunar til fyrri umæðu í bærstjórn Akraness.

Bæjarráð samþykkir að vísa fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun ársins 2026 og vegna tímabilsins 2027 til og með 2029 til fyrri umræðu í bærstjórn sem fram fer þriðjudaginn 11. nóvember næstkomandi.

Samþykkt 2:0, RBS situr hjá við afgreiðslu málsins.

Frekari rýning á áætluninni mun fara fram á milli umræðna.

3. 2505217 - Fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2027-2029.

Áframhaldandi vinna við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2026 og vegna tímabilsins 2027 til og með 2029.

Lokafundur bæjarráðs fyrir framlagningu fjárhagsáætlunar til fyrri umæðu í bærstjórn Akraness.

Bæjarráð samþykkir að vísa fjárhagsáætlun ársins 2026 og þriggja ára áætlun vegna árána 2027 til og með 2029 ásamt tillögum sem meðfylgjandi eru áætluninni til fyrri umræðu í bærstjórn sem fram fer þriðjudaginn 11. nóvember næstkomandi.

Samþykkt 2:0, RBS situr hjá við afgreiðslu málsins.

Frekari rýning á áætluninni mun fara fram á milli umræðna.

Kristjana Helga vikur af fundi.

4. 2412040 - Reglur um heilsueflingarstyrk

Drög að uppfærðum reglum Akraneskaupstaðar um heilsueflingarstyrk. Tilefni hefur þótt tilefni til uppfærslu regnanna ásamt því að verið er að einfalda fyrirkomulagið og falla frá kröfum um greiðslur starfsmanna og svo endurgreiðslur heldur er stuðst við starfsmannalista við útgáfu aðgangsheimildar í sund og skráningu útgjalda á viðkomandi rekstrareiningar.

Bæjarráð samþykkir uppfærðar reglur um heilsueflingarstyrk sem er í samræmi við stefnu Akraneskaupstaðar um farsælt starfsumhverfi. Breytingin felur m.a. í sér rýmkun á þann veg að miðað er við að lágmarki 50% starfshlutfall óháð ráðningarformi.

Samþykkt 3:0

5. 2511021 - Jólagjafir starfsmanna Akraneskaupstaðar 2025

Fyrirkomulag jólagjafa starfsmanna Akraneskaupstaðar 2025.

Bæjarráð samþykkir að fyrri fyrirkomulag frá árinu 2023 verði tekið upp sem felur í sér útgáfu gjafakorta þar sem kostur gefst á að versla í heimabyggð og að engin viðbótarkostnaður umfram möguleg afsláttarkjör til starfsmanna falli á þau fyrirtæki sem vilja taka þátt í verkefninu.

Bæjarráð leggur áherslu á að fyrirkomulagið verði kynnt vel.

Samþykkt 3:0

6. 2505236 - Akranesapp

Bæjarráð samþykkti erindisbréf og skipan vinnuhóps um Skagaappið á fundi sínum þann 26. júní 2025.

Upplýsingar um framvindu vinnunnar færðar fram sem og yfirlit um væntan kostnað.

Bæjarráð felur upplýsingafulltrúa að afla frekari upplýsinga um tiltekna kostnaðarliði varðandi tengingu við innri kerfi Akraneskaupstaðar.

Samþykkt 3:0

7. 2511020 - Fyrirspurn vegna kaupa á Suðurgötu 57.

Ný fyrirspurn vegna kaupa á Landsbankahúsinu á Suðurgötu 57.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Samþykkt 3:0

8. 2510174 - KFÍA - Tækifærisleyfi - Árgangamót og ball 8. nóvember 2025.

KFÍA - Tækifærisleyfi - Árgangamót og ball 8. nóvember 2025.

Gert er ráð fyrir að viðburðurinn verði í íþróttahúsinu á Vesturgötu og standi frá kl. 20:00 þann 8. nóvember nk. til kl. 02:00 þann 9. nóvember nk. og áætlaður gestafjöldi verði allt að 300 manns.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfisins til umsækjanda og að viðburðurinn standi frá kl. 20:00 - 02:00 aðfaranótt þess 9. nóvember nk. í íþróttahúsinu Vesturgötu, með fyrirvara um jákvæðar umsagnir Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar, Heilbrigðiseftirlitsins og lögreglunnar.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:40.